

## 031/01 - Gnúpur GK 11 - Berglín GK 300

Berglín GK-300 og Gnúpur GK-11, árekstur á miðunum

### Gnúpur GK 11

Skipaskr.nr.: 1579

Smíðaður: Noregi 1981 Stál

Stærð: 627,80 brl; 1.141,00 bt

Lengd: 68,20 m Breidd: 10,20 m Dýpt: 6,81 m

Vél: MAK diesel 2.354,00 kW Ágerð: 1981

Annað:

Földi skipverja: 24



### Berglín GK 300

Skipaskr.nr.: 1905

Smíðaður: Garðabæ 1988 Stál

Stærð: 254,33 brl; 477,00 bt

Lengd: 39,77 m Breidd: 8,10 m Dýpt: 6,25 m

Vél: Caterpillar 738,00 kW Ágerð: 1998

Annað:

Fjöldi skipverja: 12

### Atvikalýsing

Hinn 13. mars 2001 voru **bv. Berglín GK-300 og Gnúpur GK 11** að veiðum með botnvörpu 90 sml suðvestur af Reykjanesi. Veður: norðaustan 2-3 vindstig, bjartviðri.

Skömmu eftir kl. 19:00 var varpan látin fara og togað í norðvestlæga stefnu. Skipstjórinn sem var á stjórnpalli sá annað skip sem samkvæmt upplýsingum úr talstöðvarsambandi var einnig að veiðum en togaði í suðaustlæga stefnu og vel á bakborða svo að stefnulínur þeirra lágu nánast samsíða í fjarlægð um 0,5 sml. Skömmu áður en skipin mættust sá skipstjórinn á Berglín að verið var að hífa inn veiðarfærið um borð í bv. Gnúpi GK-11.

Síðan sást að skipinu var snúið til bakborða og taldi skipstjóri bv. Berglínar GK-300 að skipverjar um borð í bv. Gnúpi GK-11 hyggðust kasta veiðarfærinu og toga í sömu stefnu og þeir þ.e. norðvestlæga stefnu. Sá skipstjórinn að snúningur bv. Gnúps GK-11 var stöðvaður þegar stefnan var sem næst þvert á stefnu hans skips og þegar um 200-300 metrar voru á milli skipanna taldi hann að stefndi í árekstur og bakkaði skipi sínu á fullri ferð. Var bv. Berglín GK-300 á ferð aftur á bak og lágu togvírar skipsins fram undir það þegar skipin skullu saman með stefninum um kl 19:35. Talsverðar skemmdir urðu á skipunum en þær allar ofan sjólínu og héldu skipin áfram veiðum.

Um borð í **bv. Gnúpi GK-11** var verið að toga í stefnu SA á eftir Berglín og var skipstjóri einn á stjórnpalli. Á enda togsins var híft, pokinn tekinn inn á 1-3ja sml. ferð og snúið til bakborða. Á meðan verið var að taka trollið beindist athygli skipstjóra að þeim aðgerðum í afturglugga. Skipstjóri gerði sér ekki grein fyrir að Berglín hafði breytt um stefnu og togaði í stefnu NV. Þegar búið var að snúa um 90 í bakb. varð skipstjórinn var við að Berglín var fyrir stafni og reyndi að forða árekstri með því að bakka og beygja betur til bakb. en það gekk ekki og skipin rákust saman eins og fyrr segir og lenti stefni Berglínar á kinnung Gnúps.

### Við rannsókn kom fram

- að þrátt fyrir að bjart væri af degi voru ekki höfð uppi á skipunum dagmerki sem gefur til kynna skip

- að togveiðum;
- að ekki voru gefin hljóðmerki frá skipunum um að hætta væri yfirvofandi;
  - að toghraði skipanna er talinn hafa verið um 4 sml;
  - að ef ekki hefði verið beitt vél aftur á bak eru líkur til að bv. Gnúpur GK-11 hefði lent á miðsíðu bv. Berglínar GK-300;
  - að veiðarfæri var ekki úti frá bv. Gnúpi GK-11 og ef snúningnum til bakborða hefði verið haldið áfram var nóg rými til að klára snúninginn án hættu fyrir bv. Berglíni GK-300;
  - að ratsjá, að sögn skipstjóra Gnúps, hafði bilað en annars höfðu öll nálæg skip verið plottuð.

## Nefndarálit

Nefndin telur að orsök árekstursins sé mikil óaðgæsla við stjórn og siglingu bv. Gnúps GK-11. Nefndin minnir á að sami maður eigi ekki að stjórna siglingu skips og upptöku veiðarfæra sbr. reglugerð nr. 414/1995 um vinnuöryggi á fiskiskipum tölul. 2.9.

Nefndin minnir á mikilvægi þess að skip á veiðum hafi uppi lögbundin dagmerki.